

Ættin frá Eystri Skógum og Drangshlíð undir Eyjafjöllum Heimasætan í Eystri Skógum og prestssonurinn úr Vatnsdalnum

Eyjafjöllin, fornir sjávarhamrar, móbergstapar með stökum blágrýtisinnskotum, blasa við augum frá Vestmannaeyjum og draga af því nafn. Frá Markarfljóti austur að Skógasandi mynda þau fagan og skjólgóðan bakgrunnur fyrir byggðina sunnan þeirra, Útfjöllin vestan Holtsóss og Austurfjöllin þaðan að Jökulsá á Sólheimasandi. Austurfjöllin voru heimahagar föðurömmu minnar Önnu Jónsdóttur frá Eystri Skógum og Drangshlíð.

Sunnan undir Skógaheiði miðja vegu milli Jökulsár á Sólheimasandi og Skógaár er bærinn Eystri-Skógar á landnámsjörð Þrasa Þórólfssonar sem náði frá Jökulsá vestur að Kaldaklofsá vestan Hrútafells. Undir fjallshlíðinni skammt vestan Skógaár er sérstæður drangur markaður hellum og skútum. Ber hlíðin nafn af honum sem og bóndabærinn sunnan undir henni. Ofan hamranna rís keilulaga fjall, Drangshlíðarfjall, 476 m. há keila. Eystri Skógar eru fæðingarstaður ömmu en heimili hennar var lengst af í Drangshlíð og í Eyjarhólum.

Í lok 18. aldar settist að í Drangshlíð Jón “ríki” Björnsson sonur Björns “ríka” Jónssonar í Eystri-Sólheimum í Mýrdal. Hjörleifur sonur hans sem fyrst hafði búið með föður sínum í Drangshlíð var frá 1831 til 1863 ábúandi Eystri -Skóga sem þá voru í eigu Langholtskirkju í V-Skaftafellssýslu. Jón Hjörleifsson bjó á móti föður sínum í Eystri-Skógum frá 1860 en tók að fullu við ábúðinni 1863 þegar faðir hans dó og bjó þar til 1901 að hann flutti á eignarjörð sína Drangshlíð þar sem hann andaðist 1914.

Viðurnefnið “ríki” á þessum tíma vísaði yfirleitt til þess að viðkomandi væri stórbóndi og ríkur að jörðum og bendir flest til þess að það hafi átt við um þá feðga sem nefndir voru. Þótt Jón Hjörleifsson hafi ekki borið það viðurnefni er ljóst að það átti við um hann eins og fram kemur af fjölda jarða í nágrenni Drangshlíðar sem hann setti undir afkomendur sína þegar þeir festu ráð sitt.

Í grein um Jón Hjörleifsson í blaðinu Ingólfur¹ árið 1905 er sagt fátítt að menn hafi verið slíkir öndvegishöldar sem Jón sem falið hafi verið flest þau trúnaðarstörf í héraði sem venja er að fela bestu mönnum. Hann hafði og verið sæmdur “Dannebrogssorden” af danska kóngnum. Ekki eru allir sammála um mannkosti Jóns. Í bók sem út kom seint á síðustu öld er fjallað um svokölluð Eyjafjallamál sem rekin voru af Páli Briem sýslumanni vegna ásakana um þjófnaði einkum á reka og öðru smálegu. Í þeim hafði hann samstarf við höfðingjana undir Fjöllum, Þorvald á Eyri sem hann er sagður hafa sumblað með og Jón í Eystri-Skógum sem var hreppstjóri og yfirmaður löggæslu í sveitinni. Eru þeir í bókinni sakaðir um að hafa notað sér málaferlin til eigin framdráttar.

Um mannkosti Jóns hefur líklega farið bil beggja. Hann hefur verið fjölhæfur athafnamaður sem bjó hann stórbúi í Eystri -Skógum og átti auk þess jarðir og jarðaitök víða um héraðið og hefur líklega verið harðdrægur í viðskiptum og notið meiri virðingar en vinsælda.

Undir lok búsetu í Eystri-Skógum hafði Jón lagt eldri börnum sínum til jarðir. Magnús varð fyrst bóndi í Steinum undir Eyjafjöllum en flutti síðar að Klausturshólum í Grímsnesi. Guðrún var gift og hafði hafið búskap í Drangshlíð (vesturbænum) með Þorsteini manni sínum. Hjörleifur var kvæntur og búsettur í Skarðshlíð og Gissur hafði tekið við búskap í Eystri-Skógum en fluttist fljótlega og bjó í Drangshlíð (austurbænum). Yngsta barnið Anna varð 25 ára árið 1897 og sat ógefin í föðurgarði.

Brúðkaup og hjónaband Önnu Jónsdóttur

Björn Einar Þorláksson var af prestaættum í Húnaþingi. Þorlákur Stefánsson faðir hans sat Undirfell í Vatnsdal, Sigurbjörg móðir hans var dóttir Jóns Péturssonar prófests á Höskuldssstöðum og móðir hennar Elísabet var ein af 8 dætrum sr. Björns í Bólstaðarhlíð sem allar giftust prestum nema ein.

¹ Líklega eftir ritstjórn Benedikt Sveinsson

Björn var sjötti af 12 börnum Stefáns sem upp komust. Hann var smiður góður og mun hafa starfað við smíðar í heimahögum sínum. Uppkominn flyst hann í Stafholt í Borgarfirði til Stefáns Þorvaldssonar prest þar. Hann var sonur Þorvaldar Böðvarssonar prests í Holti undir Eyjafjöllum og Kristínar Björnsdóttur ömmusystir Björns. Kona Stefáns var móðursystir Björns. Björn kvænist Elísabetu Kristínu dóttir þeirra sem var honum nokkuð eldri og settust þau að í Munaðarnesi í Borgarfirði þar sem þau bjuggu þar til Elísabet lést 1892. Þeim hafði ekki orðið barna auðið. Þórarinn Benedikt bróðir Björns honum þrettán árum yngri hafði dvalið hjá bróður sínum um tíma en síðan lært bókband áður en hann fór í myndlistarnám til Danmerkur með styrk frá Alþingi og sneri þaðan sem fyrsti menntaði íslenski málari árið 1900..

Eftir lát konu sinnar lét Björn af búsetu í Munaðarnesi og fór til Danmerkur og Noregs til að kynna sér nýjungar í búskaparháttum. Þar kynntist hann tækninýjungum sem hann taldi geta komið að gagni hér á landi, m.a. hestaslátuvélum sem hann lét síðar flytja til landsins. Þótt þær hentuðu ekki alls kostar ósléttu landi voru þær með sæmilegum árangri notaðar á Hvanneyri á valllendi á bökkum Hvítár. Í Noregi kynnti Björn sé tóvinnu með nýrri véltækni og virkjun vatnsafls til notkunar við spuna og vefnað. Festi hann kaup á tóvinnuvélum sem hann flutti til landsins og setti upp tóvinnu að Álafossi í Mosfellssveit 1896 þar sem hann notaði afl fossins til að knýja vélarnar.



Brúðkaup Önnu Jónsdóttur og Björns E. Þorlákssonar

En hvernig lágum saman leiðir heimasætu í Eystri-Skógum, dóttur héraðshöfðingja undir Fjöllum og prestsonar norðan úr Vatnsdal, fyrrum bónda í Borgarfirði og athafnamanns í Mosfellssveit? Engar heimildir eru um kynni þeirra eða vísbendingar um að götur þeirra hafi legið saman eða kynni hafi þeirra í milli fyrr en í maí 1897 að Björn Einar er kominn austur undir Eyjafjöll prúðbúinn að hætti höfðingja þess tíma til brúðkaups með Önnu Jónsdóttur. Var það haldið í Eystri-Skógum. Á myndinni eru brúðhjónin með foreldra brúðarinnar á vinstri hönd og þrjú bræðra hennar til hægri.

Björn og Anna settust að á Varmá í Mosfellssveit. Eftir að hafa rekið verksmiðju að Álafoss í nokkur ár seldi Björn fyrirtækið verksmiðjustjóra sínum og frænda Halldóri Jónssyni en sneri sér að bústörfum auk þess að sjá um uppsetningu tóvinnuvéla í Hveragerði, Akureyri og í Reykjavík. Björn og Anna eignuðust fjögur börn í hjónabandi sínu. Þau voru Elísabet Kristín f. 1898, d. sama ár, Þorlákur f. 1899, Jón Guðmann f. 1901 og Stefán f. 1902. Sambúð Björns og Önnu varð ekki löng. Björn lést í febrúar 2004 tæplega fimmtugur að aldri.

Björn og Anna voru nýbúar í Mosfellssveit og þótt að hann nyti virðingar sem athafnamaður og hreppstjóri þar áttu þau engan frændgarð í sveitinni. Ekkjan, Anna 32 ára með þrjú syni á barnsaldri, sá sér engan kost annan en að leita á heimaslóðir þar sem hún átti víst skjól hjá velstæðum föður og stórríkjum fjölskyldu. Ferðalagið austur á hestum með þrjú börn yfir vegleysur og óbrúuð stórfljót hefur ekki verið auðvelt. Líklegt er að hún hafi á fyrri hluta leiðarinnar notið liðsinnis Magnúsar bróður síns sem búíð hafði í Klausturhólum í Grímsnesi frá 1885 og að hún hafi riðið Mosfellsheiði um Þingvelli austur í Grímsnes og farið þaðan á á hestum og ferjum yfir Hvítá, Þjórsá og Ytri-Rangá. Þar biðu hennar ættingjar frá Eystri-Skógum og Drangshlíð. Þorlákur, þá á fjórða ári, minnst þess í viðtali við Þórð Tómason í Skógum að hann muni eftir að hafa í þeirri ferð setið í fangi Jóns Bárðarsona bónda í Drangshlíðardal og unað sér vel hjá því stórvaxna þrekmenni.

Komin aftur austur undir Eyjafjöll settist Anna í bú með Guðrúnu systur sinni sem gift var Þorsteini frá Sólheimum og bjó með þeim í Drangshlíð þar til hún flutti til Þorláks sonar síns þegar hann hóf búskap í Eyjarhólum nokkru fyrir 1930. Hún hafði með sér í Drangshlíð Þorlák elsta

soninn og Stefán þann yngsta en Jón Guðmann fór til fósturs að Eystri Sólheimum þar sem Ólafur Helgi bróðir Önnu bjó og ólst hann þar upp.

Bræðurnir frá Varmá



Jón, Stefán og Þorlákur 1903

Bræðurnir þrír frá Varmá nutu þess að alast upp hjá velstæðum stórfjölskyldum undir Eyjafjöllum og í Mýrdal og liðu ekki fyrir það að hafa misst föður sinn á unga aldri. Þeim var einnig til happs að á þessum heimilum ríkti sveitamenning eins og hún gerðist best á þessum tíma þar sem áhersla var lögð á vinnusemi og elju við störf en einnig á menntun og góða siði. Þannig urðu þeir bræður góðir verkmenntu en lærðu jafnframt snemma til bókarinnar. Þorlákur hefur sagt frá því að í Drangshlíð tíðkuðust kvöldvökur á vetrum þar sem heimilisfólkið safnaðist saman í baðstofu að loknum búverkum og kvöldverði og sat þar við iðju, tóvinnu, gerð og aðhlynningu bútækja o.fl. Vani var að einn heimilismanna læsi upphátt fyrir fólkið og kom það snemma í hlut hans sem varð ungur fluglæs og var

rómsterkur og skýrmæltur. Mest var lesið upp úr Íslendingasögum og öðrum fornritum sem varð til þess að hann var alla ævi vel að sér í þeim fræðum.

Æviferill þeirra bræðra er um margt táknrænn fyrir þær breytingar sem urðu á íslenska samfélaginu á fyrri hluta 20. aldar. Um aldamótin var Ísland enn að mestu það bændasamfélag sem það hafði verið frá miðöldum með lítt breyttum atvinnuháttum. Um 80% þjóðarinnar var búsettur í sveitum og starfaði við landbúnað og/eða við sjósókn hjá útvegsbændum ásamt þurrabúðarmönnum sem sest höfðu að við sjávarsíðuna. Ný atvinnutækni var rétt að hefja innreið sína í samfélagið.



Stefán, Jón og Þorlákur um 1925

Vélbátar komu til sögunnar nokkru fyrir aldamótin og togveiðar voru rétt að hefjast. Faðir þeirra bræðra flutti inn fyrstu hestasláttuvélina og fleiri búnaðartæki fáum árum áður en hann lést. Með aukinni framleiðslu og sérhæfingu jókst þörfin fyrir verslun og ný form hennar birtust í stofnun kaupfélaga og samvinnufélaga sem gerðust umsvifamikil í verslun og atvinnurekstri. Þeir bræður völdu sér starfsvettvang sinn hver í einum höfuðatvinnuvegi þessa tíma; landbúnaði, sjósókn og verslun.

Þorlákur sem var elstur hafði kynnst sjósókn í róðrabátum frá Eyjafjallasöndum, vélbátum frá Vestmannaeyjum og togurum frá Reykjavík. Hann lauk búfræðiprófi frá Búnaðarskólanum á Hvanneyri 1921 en fór síðan til starfa í landbúnaði í Danmörku þar sem hann kynnti sér einnig dýralækningar og sótti einnig sjó á togurum frá Þýskalandi. Heim kominn gerðist hann bóndi í Eyjarhólum í Mýrdal sem hann festi kaup á 1927 og bjó þar til 1974 en stundaði jafnframt dýralækningar sem ekki var vel séð af fullmenntuðum dýralæknum á síðari árum hans. Þorlákur kvæntist Ingibjörgu Emmu Emelíu Indriðadóttir ættaðri norðan úr Vatnsdal eins og hann sjálfur. Þau eignuðust saman átta börn sem voru; Björn Einar, Anna Margrét, Indriði Haukur, Guðrún Steina, Þórólfur, Ingólfur Helgi, Nanna og Þórarinn.



Ingibjörg um 1930

Jón Guðmann ólst upp á Eystri Sólheimum í Mýrdal hjá móðurbróður sínum Ólafi Helga Jónssyni. Hann var góður búmaður og félagsmálamaður mikilvirkur í sveitarstjórnarmálum og meðal stofnenda og stjórnenda Kaupfélags V-Skaftfellinga í Vík og tryggur stuðningsmaður Framsóknarflokksins sem háði harða baráttu um hylli og viðskipti bænda við Sjálfstæðisflokkinn og Halldórsverslunina í Vík, síðar Verslunarfélagið.² Það samræmdist uppeldi Jóns Guðmanns því vel að sækja nám í Samvinnuskólanum sem stofnaður var 1918 og að hefja störf hjá Sambandinu þar sem hann starfaði lengst af og stýrði m.a. innkaupum fyrir það með búsetu í New York um tíma og var síðar í stjórnunarstöðum hjá dótturfélögum þess. Má ætla að hann hafi fylgt flokknum að málum alla tíð. Jón Guðmann kvæntist Láru Guðmundsdóttur frá Akureyri en afi hennar var bróðir Sigurbjargar Jónsdóttur ömmu þeirra bræðra. Synir þeirra eru Ólafur Rafn og Gylfi.



Jón og Lára 1984

Stefán, yngsti bróðirinn, kynntist sjósókn á yngri árum og fór síðan í Flensborgarskóla í Hafnarfirði og eftir það í Stýrimannaskólann þar sem hann lauk skipstjórnarnámi. Hann var síðan stýrimaður og skipstjóri á togurum, lengst af hjá sömu útgerðinni, og sinnti síðan verkstjórnarstörfum hjá henni síðustu starfsárin. Stefán var með eindæmum farsæll skipstjórnandi. Öll stríðsárin sigldi hann með afla til sölu á markaði í Englandi en varð aldrei fyrir áreitni hinna stríðandi þjóða sem má vafalítið að hluta þakka gjörhygli og aðgætni. Hann fylgdist vel með öllu því sem máli gæti skipt og tók aldrei óþarfa áhættu. Stefán flíkaði lítt pólitískum skoðunum sínum en ég tel vafalítið að hann hafi skipað sér í flokk jafnaðarmanna en Alþýðuflokkurinn hafi á þessum árum mikið fylgi meðal sjómanna og beitti sér fyrir málefnum þeirra. Stefán var kvæntur Magneu Vigfússdóttur frá Eystri Skógum en faðir hennar Vigfús Ólafsson hafði keypt jörðina 1947 en hún hafði þá verið í eigu kóngs og kirkju allt frá því að afkomendur Þrasa í Skógum sátu hana á 13. eða 14. öld. Synir þeirra eru Björn og Rafn.



Stefán og Magnea, líklega um 1930



Jón, Stefán og Þorlákur 1984

Þeir bræður voru alla tíð mjög samrýmdir og studdu hver annan eftir föngum. Heimili Stefáns í Reykjavík og síðar í Kópavogi og Jóns við Hringbraut í Reykjavík voru fastir og vinsælir viðkomustaðir okkar úr sveitinni þegar leiðin lá suður og þau voru ekki mörg sumrin að annar hvor eða báðir bræðrana syðra kæmu ekki austur. Þeir bræður voru heilsuhraustir og langlífir. Þorlákur og Jón Guðmann urðu báðir 87 ára og Stefán var 97 ára þegar hann lést.

² Ég heyrði þá sögu um Ólaf að heimkominn úr verslunarferð til Víkur, góð 2ja tíma reið, hafi hann aðspurður af Sigríði konu sinni hvort hann hefði keypt stráskykurinn sem hún hafði beðið um svarað því til að enginn sykur fengist í Víkinni en lét þess ekki getið að Halldórsverslunin hafði nægar sykurbirgðir.